



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Frístundamiðstöðin Brúin

Starfsáætlun 2022-2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag



Efnisyfirlit

Starfstaðir og skipulag Brúarinnar	4
Hlutverk Brúarinnar	5
<i>Við sem vinnum hjá Brúnni:</i>	5
Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030	6
<i>Leiðarljós</i>	6
<i>Meginmarkmið</i>	6
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári	7
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar	9
<i>Frístundastarfið - allir starfstaðir</i>	9
<i>Frístundastarfið - unglingasvið</i>	10
<i>Frístundastarfið - barnasvið</i>	12
Áskoranir, markmið og aðgerðir	13
<i>Frístundastarfið - unglingasvið</i>	13
<i>Frístundastarfið – barnasvið</i>	16
<i>Stjórnun, staðarbragur og mannauður</i>	19

Samstarf	22
----------------	----

Jafnréttisáætlun	22
------------------------	----

Inngangur


Frístundamiðstöðin Brúin hefur umsjón og rekur frístundastarfsemi SFS í Grafarvogi, Árbæ, Norðlingaholti, Grafaholti, Úlfarsárdal og á Kjalarnesi. Undir Brúinna heyra tíu frístundaheimili fyrir börn á aldrinum sex til níu ára og níu félagsmiðstöðvar fyrir 10-16 ára aldurshópinn, þar af ein félagsmiðstöð með sértækt starf. Brúin starfrækir útilífsdeild en undir hana heyrir starfsemi, Miðstöðvar útivistar og útináms (MÚÚ), frístundagarðurinn við Gufunesbæ og skíðabrekkur í borginni. Starfsemi Hlöðunnar er í höndum skrifstofu Brúarinnar en salurinn nýtist vel fyrir starfsemi frístundamiðstöðvarinnar auk þess að vera vel nýtt af öðrum starfstöðum SFS og Reykjavíkurborgar ásamt einkaaðilum. Á skrifstofu Brúarinnar fer fram miðlæg þjónusta til starfstaðanna, mat og eftirlit með starfseminni, samræming og samstarf eininganna, utanumhald um fjármál og rekstur, húsnæði auk mannauðs- og launaumsýslu.



Fyrsta starfsáætlun Brúarinnar tekur mið af starfsskrá frístundamiðstöðva SFS, Menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030 og Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til ársins 2025. Einnig er unnið eftir niðurstöðum um þátttöku í starfinu, viðhorfskannanna og rannsókna á stöðu barna og unglunga auk viðhorfskannanna til starfsfólks Reykjavíkurborgar. Sér starfsáætlun er einnig gefin út fyrir útilífsdeild Brúarinnar en allar þessar áætlanir taka gildi frá 1. september til 31. ágúst ár hvert.

Vinna við gerð starfsáætlana er í höndum starfsfólks og stjórnenda frístundamiðstöðvarinnar. Samhliða gera allir starfsstaðir frístundamiðstöðvarinnar sínar eigin áætlanir þar sem teknar eru fyrir áherslur hvers starfstaðar fyrir sig. Enn frekari áhersla er lögð á áætlanir starfsstaðanna og að þar sé unnið eftir þeim markmiðum og viðmiðum sem fylgja Menntastefnu sviðsins auk annara áætlanna.

Starfstaðir og skipulag Brúarinnar



Hlutverk Brúarinnar

- ✓ Stuðla að félagslegri velferð og að þjónustan sé farvegur óformlegrar menntunar, menningar, uppeldis og lýðræðislegrar þátttöku.
- ✓ Stuðla að umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- ✓ Bjóða upp á aðstöðu til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi sem tekur mið af aldri þeirra og þroska.
- ✓ Bjóða íbúum í borgarhlutanum upp á félags- og tómstundastarf sem hefur forvarnar-, menntunar- og afþreyingargildi.
- ✓ Efla félagsauð með því að stuðla að heilbrigði og félagslegri þátttöku hverfisbúa í frístundastarfi.
- ✓ Stuðla að því að frístundagarðurinn við Gufunesbæ og skíðabrekkur borgarinnar séu eftirsóknarverður vettvangur fyrir alla aldurshópa til að stunda fjölbreytta útivist og frístundaiðkun, árið um kring.
- ✓ Efla og styrkja fagþekkingu starfsfólks í skóla- og frístundastarfi borgarinnar varðandi útivist, útinám og sjálfbærni.

Við sem vinnum hjá Brúnni:

- Leggjum áherslu á að skapa góða liðsheild.
- Hrósum og hvetjum alla til að gera sitt besta.
- Temjum okkur jákvætt hugarfar.
- Lærum í gegnum leik og gerum daginn eftirminnilegan.
- Berum virðingu og sýnum umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum og viðhorfum.
- Verum opin fyrir nýjungum og tilbúin í breytingar.
- Leggjum áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð í leik og starfi.
- Fögnum margbreytileika og komum til móts við ólíkar þarfir og áhugasvið einstaklinga og hópa.
- Erum fyrirmyndir og leggjum okkur fram við að vera besta útgáfan af okkur sjálfum.
- Sýnum frumkvæði, setjum okkur markmið og leitum stöðugt leiða til að þróa hæfni okkar og þekkingu.
- Leggjum áherslu á traust og samvinnu og erum heiðarleg í samskiptum



Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

Leiðarljós

Menntastefnan byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar.

Í stefnunni er rík áhersla á að uppeldi barna og menntun sé samfélagslegt verkefni sem eigi sér stað bæði með formlegum og óformlegum hætti. Virkni barna og lýðræðisleg þátttaka í leik og starfi eru mikilvæg leiðarljós. Veita þarf börnum viðeigandi stuðning og byggja á styrkleikum þeirra og bakgrunni svo að þau geti haft áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi.

Skóla- og frístundasvið borgarinnar setur fagmennsku og samstarf í öndvegi. Sviðið leggur áherslu í menntastefnunni að styðja við faglegt frumkvæði starfsfólks, veita því rík tækifæri til starfsþróunar og markvissa ráðgjöf og handleiðslu. Stefnt er að því

að húsnaði og aðstaða veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna.

Í menntastefnunni kemur fram mikilvægi samstarfs við fjölskyldur barna í skóla- og frístundastarfi. Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi og vinnur að þróun leiða sem taka mið af ólíkum þörfum, menningu og reynslu barna og foreldra. Fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða, milli starfsstaða og við stofnanir og aðila í samfélaginu stuðlar að þróun menntunar.

Meginmarkmið

Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Unnið verður að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börn lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífstíl.

Menntastefnan byggir á fimm grundvallarþáttum:

Félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði



Stutt greinargerð um starfið á síðasta ári

Árið 2022 var ár breytinga í skipulagi frístundastarfs í efri byggðum en 1. janúar tók í gildi sameining frístundamiðstöðvanna Ársels og Gufunesbæjar undir einn hatt, sem Frístundamiðstöðin Brúin. Skipulagsbreytingarnar voru til þess fallnar að stuðla að aukinni samlegð og samþættingu í starfseminni án þjónustuskerðingar gagnvart þjónustuþegum. Skóla- og frístundasvið fór einnig af stað með verkefnið „Betri borg fyrir börn“ í alla borgarhluta en markmið með því verkefni er að samþætta ennfrekar starf og þjónustu SFS og Velferðasviðs í borgahlutunum í anda nýrra laga um farsæld barna. Frekara endurskipulag var útfært milli sviðanna með tilkomu nýrra borgarmiðstöðva og tilheyrir Frístundamiðstöðin Brúin nýrri þjónustueiningu sem ber heitið Austurmiðstöð. Þar fer fram miðlæg þjónusta fyrir leik- og grunnskóla og velferðarmál á einum stað fyrir borgarhluta austur.

Frístundamiðstöðin Brúin þjónar nú Ártúnsholti, Árbæ, Norðlingaholti, Grafarholti, Úlfarsárdal, Grafarvogi og Kjalarnesi. Brúin ber ábyrgð á og fer með yfirstjórn frístundaheimila og félagsmiðstöðva ásamt því að hafa umsjón með og reka miðlæga þjónustu miðstöðvar útínáms (MÚÚ), frístundagarðs í Gufunesi og Hlöðunnar auk skíðabrekna í borginni í umboði ÍTR. Þá veitir Frístundamiðstöðin stuðning við starfsemi skólarekinna frístundaheimila í Ártúns-, Dal-, Klébergs- og Norðlingaskóla. Undir frístundamiðstöðina heyra tuttugu og tvær starfseiningar og í þeim starfa 230 starfsmenn.

Haustið 2021 var unnið hörðum höndum við að skipuleggja nýja frístundamiðstöð og samræma starfið undir einn hatt. Ein yfirstjórn var mynduð úr tveimur með fækkun stöðugilda og hagræðingu. Í Grafarholti voru teknar í notkun tvær nýjar félagsmiðstöðvar, Fellið í Dalskóla og Plútó í Sæmundarskóla. Einnig var tekin sú ákvörðun að Félagsmiðstöðin Tían fengi aftur sitt upphaflega nafn, Ársel, en miðstöðin átti fjórtíu ára afmæli á árinu. Ný heimasíða Brúarinnar er komin í loftið, bruin.reykjavik.is, en þar er að finna upplýsingar um allar starfseiningar sem heyra undir frístundamiðstöðina. Mikil áhersla hefur verið lögð á að skapa eina liðsheild gagnvart stjórnendum og starfsfólki. Stjórnendahópurinn hefur fengið tækifæri til að kynnst vel og var m.a. Anna Steinsen ráðgjafi hjá KVAN fengin til að halda námskeið fyrir stjórnendur um breytingar, hvernig tekist er á við þær, hvernig skapa megi jákvæða menningu og góð samskipti. Þá voru farnar tvær góðar ferðir út fyrir borgarmörkin með hópin þar sem blandað var saman fræðslu og hópefli. Vorið 2022 héldu síðan „gömlu“ starfsmannafélög Ársels og Gufunesbæjar fyrstu árshátíð Brúarinnar í lðnó.



Við sameiningu frístundamiðstöðvanna fór einnig af stað heilmikil vinna varðandi ýmis praktísk mál er tengdist skrifstofuhaldi og rekstri. Samræma þurfti verklag launa- og rekstrartengdra þátta. Skerpt var á verkferlum tengdum vinnslu launagagna og umsýslu, vaktatöflur voru samræmdar ásamt því að ýmis rekstarskjöl voru uppfærð og samræmd. Starfsmannahandbók var yfirfarin, Handbók um rekstur uppfærð sem og öll skjöl um tjón- og slys. Skipurit í Sap og Listasmiðju var uppfært og nöfn starfsstaða Brúarinnar og kostnaðarstaðir voru samræmdir í öllum kerfum.



Viðamiklar framkvæmdir hafa staðið yfir í húsnæði Ársels og Töfrasels á árinu og var tekin sú ákvörðun að loka fyrir sumarstarfsemi í húsinu til að geta flýtt fyrir framkvæmdunum. Stefnt var að því að ljúka framkvæmdum fyrir haustið 2022 en þegar vinnan hófst komu í ljós meiri raka- og mygluskemmdir sem hafa tafið fyrir verklokum. Meira húsnæði frístundamiðstöðvarinnar hefur þurft viðhald vegna raka og mygluskemmda, m.a. í frístundaheimilinu Fjósinu við Sæmundarskóla, í Tígribæ við Rimaskóla og Hvergilandi í Borgaskóla. Miklar endurbætur voru einnig framkvæmdar á húsnæði frístundaheimilisins Stjörnulands og félagsmiðstöðvarinnar Fókus að Kirkjustétt 2 en það húsnæði er leigt af þriðja aðila.

Covid setti strik í starfsemi frístundamiðstöðvarinnar. Mikið álag var á starfsfólki sem tókst á við áskoranir að endurskipuleggja starfið í samræmi við þær reglur og viðmið sem sett voru í faraldrinum m.a. með takmörkun fjölda barna og unglunga á hverjum stað sem reyndist oft vera flókið í framkvæmd. Félagsmiðstöðvar tóku það til ráðs að bjóða upp á rafrænt félagsmiðstöðvarstarf sem reyndist vel og margir unglingar tóku þátt í. Starfsfólk var oft á tíðum við vinnu í mjög krefjandi aðstæðum en með þrautsegu og lausnamiðun tókst því að halda starfseminni gangandi. Stjórnendahópurinn mátti ekki koma saman í heild sinni og því voru “teams”fundir algengir á þessum tíma. Starfsfólk á mjög mikið og gott hrós skilið fyrir allt sitt framlag á þessum sérstöku og krefjandi tímum.

Undir lok vorsins þegar allt fór af stað aftur undir „eðlilegum kringumstæðum“ var ljóst að verk er að vinna varðandi samskipti, hegðun og umgengni barna og unglunga við fólk og hluti. Áhugavert er að rýna til baka til að meta hvaða áhrif covid hefur haft á starfsemina, börn og unglunga. Í starfinu eru m.a. komnir árgangar sem þekkja ekki starfið eins og það var fyrir covid. Þessir árgangar hafa m.a. ekki getað tekið þátt í sameiginlegum viðburðum og skemmtunum. Sérþæka félagsmiðstöðin Höllin fékk þó undanþágu frá covid reglum og gat haldið úti eðlilegu starfi fyrir viðkvæmasta hópinn. Öll frístundaheimili og félagsmiðstöðvar unnu að A- hluta verkefnum en í nokkrum tilvikum var erfitt að koma öllu til framkvæmda sökum takmarkana í covid. Unnið var að B-hlutaverkefnum „Hinsegyn – Hinseginvænni Grafarvogur og Kjalarnes“ þar sem félagsmiðstöðvar og grunnskólar í Grafarvogi og Kjalarnesi voru í samstarfi um að hinseginvæða starfið. Allir grunnskólar í Grafarvogi og Kjalarnesi ásamt öllum félagsmiðstöðvum Brúarinnar fengu Regnbogavottun og öflugt hópastarf fyrir hinsegin ungmenni var í boði.



Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

Frístundastarfið - allir starfstaðir

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorf stjórnenda og starfsmanna Brúarinnar til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttá.	Viðhorfskönnun Reykjavíkur febrúar 2022 send út til starfsmanna Reykjavíkurborgar. Matið byggist á svörum starfsmanna sem tóku þátt í könnuninni.	Starfsfólk Brúarinnar	Þeir þrír þættir sem komu best út úr könnuninni voru: 1. Tilgangur - 4,74 2. Starfsánægja – 4,49 3. Sveigjanleiki – 4,43 Þeir þrír þættir sem komu síst út úr könnuninni voru: 1. Líðan, álag – 3,76 2. Betri vinnutími – 3,62 3. Hæfilegt vinnuálag – 2,53



Frístundastarfið - unglingasvið

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Foreldrakönnun	Viðhorf foreldra til almenna félagsmiðstöðvarstarfsins var kannað með rafrænni könnun í gegnum Mentor 10.2-20.3, 2022. Niðurstöður hvernar félagsmiðstöðvar verða nýttar í aðgerðaráætlanir starfstaðanna.	Foreldrar þátttakenda í almennu félagsmiðstöðvastarfi Brúarinnar. Svarhlutfall var 75,1%, fjöldi svara 461.	Þeir þrír þættir sem komu best út úr könnuninni voru: 1. Upplýsingagjöf um hvað er á döfinni – 4,33 2. Almennt ánægður með félagsmiðstöðina sem barnið mitt sækir – 4,21 3. Jákvæð félagsleg áhrif, 4,15 Tveir þættir sem komu síst út úr könnuninni voru: 1. Dagskrá höfðar vel til barnsins míns – 3,79 2. Húsnæði og aðstaða – 3,81
R&G – Ungt fólk 2022 8 – 10 bekkur	Viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur í 8 – 10 bekk, í febrúar 2022	Unglingar í grunnskólum Reykjavíkurborgar.	Lykiltölur í lífi barna í póstnúmerum 110, 112 og 113. 110: -8,3% nemenda í 10. bekk nota rafrettur daglega -6% nemenda í 10. bekk hafa orðið ölvaðir sl. 30 daga



		-8,3% nemenda í 10. bekk hafa notað kannabis -31,3% meta líkamlega heilsu sína mjög góða -39,6% meta svo að þau fái oft eða alltaf nægan svefn á virkum dögum - 26,6% meta andlega heilsu sína mjög góða 112: -4,9% nemenda í 10. bekk nota rafrettur daglega -5% nemenda í 10. bekk hafa orðið ölvaðir sl. 30 daga -7% nemenda í 10. bekk hafa notað kannabis -37% meta líkamlega heilsu sína mjög góða -38,8% meta svo að þau fái oft eða alltaf nægan svefn á virkum dögum - 31,1% meta andlega heilsu sína mjög góða 113 -10,8% nemenda í 10. bekk nota rafrettur daglega -5,4% nemenda í 10. bekk hafa orðið ölvaðir sl. 30 daga -11,1% nemenda í 10. bekk hafa notað kannabis -37,2% meta líkamlega heilsu sína mjög góða -39,3% meta svo að þau fái oft eða alltaf nægan svefn á virkum dögum - 25,5% meta andlega heilsu sína mjög góða
--	--	---

Frístundastarfið - barnasvið

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorf foreldra til frístundaheimila	Spurningakönnun í febrúar og mars 2021	Foreldrar/forsjáaðilar barna í frístundaheimilum	Styrkleikar: 1. Barninu líður vel 4.40 2. Barnið er öruggt 4.38 3. Viðmót starfsfólks 4.37 4. Jákvæð félagsleg áhrif 4.37 Veikleikar: 1. Gjaldskrá frístundaheimila 3.56 2. Möguleiki á ró og næði 3,60 3. Síðdegishressing 3.82



Áskoranir, markmið og aðgerðir

Frístundastarfið - unglingasvið

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Að þekkja stöðu félagsfærni í starfi félagsmiðstöðva.	Staðan metin á hverjum starfstað.	Nóvember 2022	Janúar 2023	Hver félagsmiðstöð fyllir út gátlista um félagsfærni í Menntastefnu.	Að grunnlína hvernar félagsmiðstöðvar liggi fyrir.
Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Efla heilbrigði barna og ungmenna á aldrinum 10-16 ára.	Auka áherslu á fræðslu í öllu starfi með því að leggja áherslu á verndandi þætti í umhverfi barna og ungmenna. Útbúa efni sem sett verður á samfélagsmiðla og veggspjöld sem hægt verður að hengja upp í félagsmiðstöðvum. Regluleg fræðsla og umræður við börn og ungmenni í starfi. Leggja aukna áherslu á fræðslu fyrir börn á miðstigi í samstarfi við	September 2022	Júní 2023	Leggja fyrir spurningar í fræðslum til barna og unglinga í gegnum Menti. Biðja starfsfólk um að ígrunda þeirra mat á árangri fræðslu í gegnum umræður og fleira.	Með því að sinna framangreindum hlutum vel teljum við að árangur hafi náðst.



		foreldra og umsjónarkennara. Safna saman því efni sem til er á starfstöðvunum og búa til sameiginlegan gagnabanka sem allir geta leitað í.				
Fagmennska	Efla fagmennsku starfsfólks á vettvangi	Útbúa fræðsluefni sem styrkir starfsfólk félagsmiðstöðva í ýmsum málefnum eða viðfangsefnum tengd starfi með unglingum. Starfsfólk fær einnig fræðslu frá utanaðkomandi aðila tengt hverju viðfangsefni.	September 2022	Júní 2023	Spurningalisti lagður fyrir starfsfólk í september og júní og niðurstöður lagðar saman. Mat starfsfólks m.a. á eigið öryggi í að taka umræður með unglingum ásamt því að meta hverja fræðslu fyrir sig og hvernig hún til tókst. Fjöldi fræðsluhandrita.	Það að starfsfólk upplifi öryggi að taka umræðu um málefni sem var verið að fræða um.
Samstarf	Efla samstarf foreldra og félagsmiðstöðva í forvörnum barna og unglinga	Halda fræðslukvöld fyrir foreldra í samstarfi við foreldrafélög. Markmið slíkra kvölda væri að foreldrar myndi tengingu við félagsmiðstöðina og aðra foreldra á sama tíma og þau fá aukin	September 2022	Júní 2023	Senda út foreldrakönnun í júní og spyrja út í hvernig þeim fannst fræðsluefnið. Nota Menti á hverri fræðslu til þess að fá endurgjöf á hvað þeim fannst fræðslan.	Ef foreldrar eru ánægð með fræðsluna og hafa öðlast verkfæri. Að tengsl myndist



		verkfæri sem styrkja þau í uppeldishlutverki. Mánaðarlegur fræðslupóstur sendur út til foreldra með fræðsluefni og hagnýtum leiðum til þess að taka umræðuna heima fyrir.				
--	--	---	--	--	--	--

Frístundastarfið – barnasvið

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Að þekkja stöðu félagsfærni í starfi frístundaheimilanna.	Staðan metin á hverju heimili.	Nóvember 2022	Janúar 2023	Hvert frístundaheimili fyllir út gátlista um félagsfærni í Menntastefnu.	Að grunnlína hvers frístundaheimilis liggi fyrir.
Félagsfærni	Formgera og festa í sessi greiningu á félagslegri stöðu og vináttufærni barnahópsins og samskiptum starfsfólks við börnin.	Nefnd skipuð til þess að leggja línur um framkvæmd og úrvinnslu greiningarvinnunnar sem byggir á listum Vöndu Sigurgeirsdóttur um vináttufærni. Nefndarmenn aðstoða starfsfólk frístundaheimila við að nýta Frístundakistu vináttuþjálfunar og gera áætlanir út frá niðurstöðum greiningarinnar.	Nóvember 2022	Apríl 2023	Allt starfsfólk hvers frístundaheimilis fyllir út lista um félagslega stöðu hvers barns út frá fjórum flokkum sem greiningin byggir á. Auk þess meta þau stöðu sína gagnvart hverju barni. Á grundvelli greiningarinnar er gerð áætlun um vináttuþjálfun í barnahópnum sem og leiðir til úrbóta í samskiptum starfsfólks við börn. Greining er endurtekin í apríl.	Að börn færast úr flokki týndra og hafnaðra yfir í meðal og vinsæl milli greininga. Að fjölgað hafi í flokki jákvæðra leiðtoga ef um neikvæða hefur verið að ræða í fyrri greiningu.



Jöfnuður	Regnbogavottun fyrir öll frístundaheimilin	Fræðsla á vegum Regnbogavottunar Reykjavíkur	Haustönn 2022	Vorönn 2023	Allt starfsfólk frístundaheimila fer í gegnum ferli Regnbogavottunar Reykjavíkur sem felur í sér fræðslu, verkefnavinnu og gerð aðgerðaáætlunar í hinsegin málefnum.	Aðgerðaáætlun hvers frístundaheimilis liggur fyrir og vottun hefur fengist.
Fagmennska Samstarf Jöfnuður	Aðlögun elstu barna í leikskólum í frístundaheimili.	Lokahönd lögð á lágmarksviðmið og ramma í kringum heimsóknir elstu barna í leikskólum í frístundaheimilin og lokið við gerð kynningarbæklings fyrir börnin. Það er hluti af þróunarverkefni sem hófst haustið 2019 hjá Gufunesbæ og leikskólum í Grafarvogi. Nú stendur til að taka þau viðmið upp í öllum frístundaheimilum Brúarinnar og samstarfsleikskólum þeirra. Kynning á verkefninu haldin fyrir stjórnendur allra leikskóla og	Haust 2022 eða vorönn 2023	Mái 2023	Unnið eftir fyrirbyggjandi römmum í kringum heimsóknirnar og þær metnar af starfsfólki sem tekur þátt til þess að bæta úr því sem þarf.	Fjöldi heimsókna og innihald þeirra í takt við það sem lagt er til í viðmiðum. Börn fá afhentan kynningarbækling um frístundaheimilið sem þau fara í að loknum leikskóla.



		frístundaheimila sem tilheyra Austurmiðstöð. Áætlanir gerðar um heimsóknirnar og þær útfærðar og framkvæmdar.				
Fagmennska	Að öll frístundaheimili geti boðið börnum upp á að komast í ró.	Hvert frístundaheimili skoðar niðurstöður sínar í viðhorfskönnun foreldra og gerir ráðstafanir til umbóta ef þörf er á.	Haustönn 2022.	Vor 2023.	Hvert frístundaheimili metur aðstæður sínar út frá því rými sem í boði er og leitar leiða til að útbúa rólegt rými. Ef ekki er hægt að koma því við í núverandi rými þarf að leit til skólans til að fá aukið rými.	Öll frístundaheimili hafa aðgang að rými þar sem börn komast í ró.
Heilbrigði	Að bjóða upp á holla, góða og fjölbreytta síðdegishressingu.	Hvert frístundaheimili skoðar niðurstöður sínar í viðhorfskönnun foreldra og gerir ráðstafanir til umbóta ef þörf er á.	Haustönn 2022	Vor 2023	Hvert frístundaheimili rýnir niðurstöður úr viðhorfskönnun foreldra í því skyni að sjá í hverju óánægja foreldra liggur. Matseðlar taki mið af ráðleggingum og viðmiðum um hollustu og næringu.	Öll frístundaheimili útbúa matseðil fyrir síðdegishressingu sem inniheldur fjölbreytta og holla næringu og miðlar honum til foreldra/forsjáráðila.

Stjórnun, staðarbragur og mannauður

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Fagmennska	Tryggja að allir starfsstaðir fylgi lögum og reglugerðum um vinnuvernd.	Öryggisnefnd Brúarinnar fylgi eftir að áhættumat fari fram á öllum starfsstöðum frístundamiðstöðvarinnar.	September 2022	Áhættumat verði klárt vorið 2023	Allir starfsstaðir hafi framkvæmt áhættumat.	
Heilbrigður lífsstíll og vellíðan	Minnka eða jafna álag í vinnunni	Stjórnendur skrá hvar álagspunktur liggja í starfinu. Samtöl framkvæmdastjóra og deildarstjóra við stjórnendur sem byggist á samræmdum spurningalista	Janúar 2023	Apríl 2023	Unnið út frá skráningu og niðurstöðum og leitað leiða til að minnka eða dreifa álagi í starfinu.	Að álag hafi dreifst eða minnkað
Heilbrigður lífsstíll og vellíðan	Bætt líðan í starfi	Samtöl framkvæmdastjóra og deildarstjóra við stjórnendur sem byggist á samræmdum spurningalista	Janúar 2023	Apríl 2023	Unnið út frá skráningu og niðurstöðum og leitað leiða til að minnka eða dreifa álagi í starfinu.	Að líðan starfsfólks sé betri



Heilbrigður lífsstíll og vellíðan	Stuðla að aukinni heilsuefingu meðal starfsfólks Brúarinnar.	Nefnd útivistar og hreyfingar Brúarinnar setur upp heilsutengda dagskrá í formi hreyfingar fyrir alla starfsmenn.	September 2022	Ágúst 2023	Að helmingur starfsfólks taki þátt í a.m.k. tveimur dagskrárliðum	
Verklag	Einfalda verklag varðandi pöntun á húsnæði frístundamiðstöðvarinnar á öðrum tíma en opnunartíma frístundaheimila eða félagsmiðstöðva.	Endurskoða verklag, skráningar- og pöntunarkerfi fyrir Ársel og Holtið.	Nóvember 2022	Maí 2023	Nýtt verklag verði komið á.	Unnið verði eftir nýju verklagi.
Verklag	Nýta kerfi, forrit og upplýsingatækni sem í boði er til að stuðla að betra skipulagi, bættum verkferlum og auknu upplýsingaflæði milli starfsmanna.	Fara yfir þau kerfi sem í boði eru og meta hvaða kerfi henta best fyrir starfseminu. Torgið starfrænt fræðslukerfi Teams Workplace Aðgengi að tölvum á öllum starfstöðum Fræðsla	September 2022	Ágúst 2023	Spurningalisti til forstöðumanna varðandi nýtingu á starf og samskiptaforritum í starfinu. Að búið sé koma öllum starfsmönnum inn á Teams og að þeir séu	



					búnir að tileinka sér Teams sem samskiptatæki.	
Fræðsla	Vinnulag og verkferlar varðandi rekstur séu aðgengilegri og einfaldari.	Fræðsla verði í boði fyrir forstöðumenn og aðstoðarforstöðumenn um valda kafla í Handbók um rekstur.	Nóvember 2022	Apríl 2023	Búið verði að bjóða upp á 6 fræðsluerindi tengd handbókinni í apríl 2023	Forstöðumenn nýti handbókina þegar þeir eru óvissir um verklag.
	Auka þátt umhverfisverndar og sjálfbærni í starfsemi Brúarinnar.	Innleiða skref 2 af 5 í grænum skrefum.	September 2022	Ágúst 2023	Farið eftir gátlista Grænna skrefa.	90% af gátlista Grænna skrefa verði uppfylltur haustið 2023.



Samstarf

Gott samstarf er milli starfsstaða Brúarinnar við leik- og grunnskólanna í borgarhlutanum.

Samstarf frístundaheimilanna við leikskólana hefur aukist undanfarin ár og nú er svo komið að allir leikskólar eru með sérstaka aðlögun elstu barnanna í frístundaheimilin. Unnið er að því að formfesta samstarfið enn frekar. Lágmarksviðmið hafa verið sett fram og skýrt verklag er til sem fjallar um hlutverk frístundaheimilis og leikskóla í samstarfinu.

Forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva er í miklum samskiptum við stjórnendur og starfsfólk grunnskólanna bæði formlega og óformlega. Forstöðumenn hafa einnig tengiliði innan skólans varðandi samstarf um einstaka nemendur eða hópa.

Forstöðumenn félagsmiðstöðva eru með viðveru á skólatíma á flestum stöðum sem hefur gefist afar vel og stefnt er að því að auka samstarf og viðveru í þeim skólum þar sem föst viðvera er ekki í eins miklu mæli þá sérstaklega í þeim félagsmiðstöðvum sem ekki eru staðsettar inn í skólahúsnæði.

Starfsfólk á miðlægri skrifstofu Brúarinnar flutti sig um set á árinu frá Gufunesbænum yfir á Austurmiðstöð að Gylfaflöt 5. Starfsfólkið er nú hluti af skóla- og frístundaskrifstofu Austurmiðstöðvar. Samstarfs og samþættingarverkefnið „Betri borg fyrir börn“ var sett á laggirnar á árinu en markmiðið með því verkefni er að samþætta ennfrekar stuðning og starf fyrir börn og unglinga sem þurfa á sértækum stuðningi að halda. Nú er m.a. aðgengi að sérfræðiráðgjöf betri og samtal milli sérfræðinga innan Austurmiðstöðvar við starfsfólk Brúarinnar er orðið meira en áður var. Úti á starfsstöðum SFS taka forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva þátt í teymisvinnu gagnvart málefnum barna og vinna í samstarfi við skóla og sérfræðiaðila innan Austurmiðstöðvar sem koma að þeim málum.

Heilt yfir má segja að samstarf fagaðila sem vinna með börn og unglinga í borgarhlutanum sé afar gott. Hins vegar er áhyggjuefni hversu mikið álag er á starfsfólk sem sinnir sértækum úrræðum og finna þarf lausnir til að létta á því álagi.

Gott samstarf er milli starfsmanna og stjórnenda frístundamiðstöðva og við fagskrifstofu skóla- og frístundastarfs á Höfðatorgi. Reglulegir fundir tryggja þetta samstarf og samtal milli aðila. Stjórnskipulag frístundastarfsins hefur gefist afar vel í gegnum tíðina og er til mikillar fyrirmyndar. Með tilkomu fagstjóra leik- og grunnskóla út í miðstöðvarnar hefur samtal og samstarf þessara eininga aukist ennfrekar og mun áfram þróast á komandi árum.



Áherslur starfsársins og þróunarverkefni

Áfram verður lögð áhersla á að sameina og efla starf Brúarinnar sem nýrrar skipulagseiningar. Í því sambandi er mikilvægt að koma til móts við ólíkar þarfir starfstaðanna bæði er lýtur að umhverfi barna og unglinga á viðkomandi stað sem og umgjörð eins og starfsaðstæðum, rekstri og mannauði. Þá verður einnig lögð áhersla á samþættingu og að stuðla að auknu samstarfi Brúarinnar við fagstjórnendur og miðlæga þjónustu SFS á Austurmiðstöð auk þeirrar sérfræðiþjónustu SFS og VEL sem þar er til staðar með tilkomu verkefnisins „Betri borg fyrir börn“. Menntastefna skóla- og frístundasviðs verður í forgrunni í starfinu þar sem bæði verður unnið með miðlægar áherslur auk þess sem hver starfstaður vinnur aðgerðaáætlun sem tekur mið af viðkomandi starfsumhverfi og þeim þáttum sem valdir eru til umbóta.

Allir starfstaðir Brúarinnar taka þátt í að minnsta kosti einu A- hluta verkefni Menntastefnunnar en þar að auki verður unnið að einu B-hluta verkefni í unglingastarfi, „Heildræn fræðslunálgun í félagsmiðstöðvastarfi“.



Jafnréttisáætlun 2022-2023

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur frístundamiðstöðin sig til að fara eftir [Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#).

Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu frístundamiðstöðvarinnar.

Framkvæmdastjóri er ábyrgðaraðili ásamt deildarstjórum. Forstöðumenn bera ábyrgð á að Mannréttindastefnunni sé framfylgt á starfsstöðunum.

Að auki mun frístundamiðstöðin í samræmi við 22. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að börn og ungmenni verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í frístundastarfinu. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal barna eða ungmenna. Börnum og ungmennum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan frístundamiðstöðvarinnar komi slíkt upp.

Frístundamiðstöðin setur sér framkvæmdaáætlanir hvern vetur, þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

Brúin sem atvinnurekandi

Tryggt verði með skipulögðu jafnréttisstarfi að allir, óháð kyni, njóti jafnréttis í hvívetna á vinnustöðum Brúarinnar.



Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnara kynjahlutfall í störfum innan frístundamiðstöðvarinnar	Stefnt að jöfnun á kynjahlutföllum í sambærilegum störfum innan frístundamiðstöðvarinnar.	Þeir sem sjá um ráðningar	Allt árið
Jöfn kjör alls starfsfólks, óháð kyni eða öðru.	Öllum kynjum skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf. Öllu starfsfólki standi til boða að taka að sér þá yfirvinnu sem í boði er.	Deildastjórar og forstöðumenn	Allt árið
Að starfsfólk fái sömu tækifæri til að samræma vinnu og fjölskyldu.	Starfsfólk standi jafnt þegar kemur að því að nýta sveigjanleika í starfi til að samræma vinnu og fjölskyldu.	Deildastjórar og forstöðumenn	Allt árið
Að lög um rétt einstaklinga til að skilgreina kyn sitt séu virt.	Orðalag í efni sem Brúin sendir frá sér taki mið af því að öll kyn geti samsamað sig textanum. Hér er bæði átt við útgefið efni s.s. starfsmannahandbækur sem og kannanir og tölvupósta.	Þeir sem hverju sinni skrifa texta til starfsfólks eða gefa út efni.	Allt árið

Einelti, áreitni og ofbeldi

Einelti, áreitni og ofbeldi er ekki liðið á starfstöðum Brúarinnar. Gripið skal undantekningarlaust til viðeigandi aðgerða ef slíkt á sér stað. Allt starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á því að einelti, áreitni og ofbeldi eigi sér ekki stað. Nánari upplýsingar má finna í [stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi](#) og [aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2018-2020](#).

Komi upp einelti eða áreitni á vinnustaðnum skal vinna samkvæmt eftirfarandi verkferlum: [Verkferlar og leiðir til úrlausna í eineltis- og áreitnimálum hjá Reykjavíkurborg](#).



Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsmenn fá fræðslu um einelti og kynferðislegt áreitni.	Allir starfsmenn fá kynningu á stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Að starfsfólk sé upplýst um hvert þeir geti leitað ef upp koma slík mál.	Deildarstjórar og forstöðumenn.	Í upphafi starfsárs.
Einelti og kynferðisleg áreitni er ekki liðin.	Unnið er skv. stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Ef slík mál koma upp er unnið samkvæmt viðbragðsáætlun SFS vegna eineltis meðal starfsmanna.	Deildarstjórar og forstöðumenn.	Allt árið.

Þjónustuhlutverk

Börn skulu eiga jafnan aðgang að frístundastarfi Brúarinnar óháð aðstæðum sínum, svo sem kyni, kyngervi, fötlun, þjóðerni, heilsufari og fleiru sem talið er upp í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Allt starfsfólk Brúarinnar ber sameiginlega ábyrgð á því að aðgengi að þjónustunni sé jafnt og að viðfangsefnin höfði til allra.



Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Auka þekkingu og færni starfsfólks varðandi jafnréttismál.	Að allir starfsmenn fái fræðslu frá Jafnréttisskólanum.	Deildarstjórar	Janúar 2023.
Efla þekkingu starfsfólks á einkennum ofbeldis á börn.	Halda námskeiðið <i>Opinskátt um ofbeldi</i> fyrir starfsfólk í Brúnni.	Deildarstjórar	Á starfsárinu.
Að eyðublöð og skráningarblöð taki mið af fjölbreytileika kyns og kynvitundar.			

